

**Nefndasvið Alþingis**  
**Félags- og tryggingamálanefnd**  
**b/t Hildar Evu Sigurðardóttur**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 7. desember 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um uppsögn af hálfu atvinnurekanda (47. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunar um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda.*

Með ofangreindri tillögu mæla höfundar hennar fyrir því að fullgild verði samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 158 um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Með fullgildingu þeirra samþykktar væru innleiddar í íslenskan rétt ákveðnar reglur er kveða á um heimildir atvinnurekanda til uppsagnar starfsmanns og upplýsingagjöf og rökstuðnings vegna hennar til starfsmanns.

Ýmis hagsmunasamtök launþega og atvinnulífs hafa tjáð sig um hugmyndir um fullgildingu samþykktarinnar en hafa ekki verið sammála um áhrif hennar fyrir íslenskt atvinnulíf. Sem dæmi þá hvetur Alþýðusambandið til fullgildingar hennar í ljósi réttar launþega. Á hinn bóginn mótmæla Samtök atvinnulífsins fullgildingu með rétt atvinnurekanda að leiðarljósi. Viðskiptaráð tekur að einhverju leyti undir þau sjónarmið sem Samtök atvinnulífsins hafa viðrað í þessu samhengi og þá sérstaklega hvað varðar takmörkun á rétti atvinnurekanda til að stjórna mannaáðningum og uppsögnum með þau sjónarmið sem ráða rekstri að leiðarljósi. Með því að setja reglur á borð við þær sem samþykktin felur í sér, t.d. að starfsmanni sé ekki sagt upp nema gild ástæða sé í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanna eða hún byggist á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, takmarkar að nokkru leyti stjórnunarvald atvinnurekanda yfir fyrirtæki sínu og mannaáðningum.

Ekki er svo að allar þær reglur sem samþykktin hefði í för með sér séu slæmar fyrir atvinnurekendur og atvinnulífið en helstu athugasemdir Viðskiptaráðs snúa einmitt að þeirri staðreynd að margar af þeim reglum sem samþykktin hefði í för með sér eru nú þegar í reglum hér á landi, lögum eða kjarasamningum. Er það mat undirritaðrar að þær reglur sem eru atvinnulífina til hagsbóta séu nú þegar að mestu í reglum hér, margar þeirra sem samþykktin felur í sér og eru ekki innleiddar hér eru á þá leið að vera atvinnulífina til vana.

Sem dæmi um reglur sem greinargerð með frumvarpinu er vísar til og eru nú þegar innleiddar hér er vernd starfsmanna vegna aðildar að stéttarfélagi, þátttöku í starfsemi þess og stjórnmalaskoðana en lög um stéttarfélög og vinnudeildur nr. 80/1938 sem gilda um það, í þeim er einnig að finna reglur um vernd trúnaðarmanna fyrir uppsögnum. Annað dæmi er að finna í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2006 en þar er réttur þungaðra kvenna og aðila í fæðingarorlofi tryggður ásamt því að vera dæmi um lög sem tryggja vernd þeirra sem bera upp áskanir eða málsókn gegn atvinnurekanda vegna meints brots á lögum eða öðrum reglum. Auk þessara dæma verður að leggja áherslu á þann rétt sem fólgin er í kjarasamningum og alþjóðasamningum svo ekki sé talað um þá vernd sem fólgin er í 65. gr. Stjórnarskránnar.

Þetta er aðeins hluti þeirra laga og reglna sem tryggja vernd launþega hér á landi en of langt mál er hafa tæmandi lista hér. Þetta ætti þó að vera fullnægjandi upptalning til að sýna fram á að réttur launþega er vel tryggður hér. Ekki verður séð að fullgilding ofangreindrar samþykktar feli í sér öflugri rétt án þess að skapa ákveðin vandamál fyrir atvinnurekendur um leið svo vart er forsenda til að mæla með því.

***Viðskiptaráð leggur til að ofangreind tillaga nái ekki fram að ganga.***

Virðingarfyllt,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands